

VÍN blaðið

6 árg. 4.tbl. desember 2008



TOSCANA



PÖRUN VÍNS
OG MÁTAR




SÚKKULAÐI

 VÍNBÚÐIN

Frítt eintak!

Afgreiðslutími

VÍNBUÐA



Sjá upplýsingar um afgreiðslutíma á heimasíðu www.vinbudin.is

Höfuðborgarsvæðið	mán.-fim.	fös.	lau.	sími	teg	heimilisfang
Austurstræti	11-18	11-19	11-18	562-6511	500	Austurstræti 10a, 101 Rvk
Borgartún	11-18	11-19	11-18	561-8001	600	Borgartún 26, 105 Rvk
Dalvegur	09-20	09-20	11-18	564-5070	500	Dalvegi 2, 201 Kóp
Eiðistorg	11-18	11-19	11-18	561-1800	1000	Eiðistorgi 13, 170 Seltj.
Garðabær	11-18	11-19	11-18	555-6525	500	Garðatorgi 7, 210 Garðab
Hafnarfjörður	11-18	11-19	11-18	565-2222	1000	Fjarðargötu 13-15, 220 Hafn
Heiðrún	11-18	11-19	11-18	560-7720	ALLT	Stuðlahálsi 2, 110 Rvk
Kringlan	11-18	11-19	11-18	568-9060	ALLT	Kringlunni 8-12, 103 Rvk
Mosfellsbær	11-18	11-19	11-18	586-8150	500	Bverholti 2, 270 Mosfellsbæ
Skeifan	09-20	09-20	11-18	588-3100	600	Skeifunni 5, 108 Rvk
Smáralind	11-18	11-19	11-18	544-2112	1000	Hagasmára 1, 201 Kóp
Skútvogur	09-20	09-20	11-18	568-9008	600	Skútvogui 2, 104 Rvk
Spöngin	11-18	11-19	11-18	586-1617	500	Spönginni 29, 112 Rvk
Stekkjarkakki	11-18	11-19	11-18	567-0400	500	Stekkjarkakka 6, 109 Rvk

Landsbyggðin	mán.-fim.	fös.	lau.	sími	teg	heimilisfang	
Akureyri	11-18	11-19	11-16	462-1655	1000	Hólbraut 16, 600 Akureyri	
Akranes	Vetur	12-18	11-19	11-14	431-2933	300	Þjóðbraut 13, 300 Akranes
	Sumar	11-18	11-19	11-16			
Blönduós	Vetur	14-18	14-19	lokað	452-4501	200	Aðalgötu 8, 540 Blönduós
	Sumar	14-18	12-19	lokað			
Borgarnes	Vetur	12-18	11-19	11-14	431-3858	300	Borgarbraut 58-60, 310 Borgarnes
	Sumar	11-18	11-19	11-16			
Búðardalur	17-18	16-18	lokað	434-1303	100	Vesturbraut 15, 370 Búðardalur	
Dalvík	Vetur	14-18	12-19	lokað	466-3430	200	Hafnarbraut 7, 620 Dalvík
	Sumar	11-18	11-19	11-14			
Djúpivogur	17-18	16-18	lokað	478-8270	100	Búlandi 1, 765 Djúpivogur	
Egilsstaðir	Vetur	12-18	11-19	11-14	471-2151	300	Miðvangi 2-4, 700 Egilsstaðir
	Sumar	11-18	11-19	11-16			
Fáskrúðsfjörður	17-18	16-18	lokað	475-1530	100	Búðavegi 35, 750 Fáskrúðsfjörður	
Grindavík	14-18	12-18	lokað	426-8787	200	Víkurbraut 62, 240 Grindavík	
Grundarfjörður	17-18	16-18	lokað	438-6994	100	Hrannarstíg 3, 350 Grundarfjörður	
Hella	Vetur	14-18	14-19	11-14	585 7587	200	Suðurlandsvegi 1, 850 Hella
	Sumar	11-18	11-19	11-16			
Hólmavík	17-18	16-18	lokað	455-3110	100	Höfðatúni 4, 510 Hólmavík	
Húsavík	Vetur	14-18	14-19	lokað	464-2230	200	Garðarsbraut 21, 640 Húsavík
	Sumar	11-18	11-19	11-14			
Hvammstangi	17-18	16-18	lokað	455-2321	100	Höfðabraut 6, 530 Hvammstangi	
Hveragerði	Vetur	12-18	11-19	11-14	481-3932	300	Breiðumörk 1, 810 Hveragerði
	Sumar	11-18	11-19	11-16			
Hvolsvöllur	Vetur	14-18	14-19	11-14	487-7797	200	Austurvegi 3, 860 Hvolsvöllur
	Sumar	11-18	11-19	11-16			
Höfn	Vetur	14-18	14-19	lokað	478-1977	200	Vesturbraut 1, 780 Höfn í Hornafirði
	Sumar	14-18	12-19	13-16			
Ísafjörður	Vetur	12-18	11-19	11-14	456-3455	300	Aðalstræti 20, 400 Ísafjörður
	Sumar	11-18	11-19	11-16			
Keflavík	11-18	11-19	11-16	421-5699	500	Hafnargötu 51, 230 Reykjanesbær	
Kirkjubæjarklaustur	17-18	16-18	lokað	487-4628	100	Skaftárskála	
Neskaupstaður	14-18	14-18	lokað	477-1890	200	Hafnarbraut 6, 740 Neskaupstaður	
Ólafsvík	14-18	14-18	lokað	436-1226	200	Mýrarholti 12, 355 Ólafsvík	
Patreksfjörður	Vetur	14-18	14-18:30	lokað	456-1177	200	Þórsstötu 10, 450 Patreksfjörður
	Sumar	14-18	14-19	lokað			
Reyðarfjörður	14-18	14-19	11-14	474-1406	200	Hafnargötu 2, 730 Reyðarfjörður	
Sauðárkrúkur	Vetur	12-18	11-19	11-14	453-5990	300	Smáragrund 2, 550 Sauðárkrúkur
	Sumar	11-18	11-19	11-16			
Selfoss	11-18	11-19	11-16	482-2011	500	Vallholti 19, 800 Selfoss	
Seyðisfjörður	17-18	16-18	lokað	472-1700	100	Hafnargötu 2a, 710 Seyðisfjörður	
Siglufjörður	14-18	14-19	lokað	467-1262	200	Eyrargötu 25, 580 Siglufjörður	
Stykkishólmur	14-18	14-19	lokað	430-1414	200	Aðalgötu 24, 340 Stykkishólmur	
Vestmannaeyjar	Vetur	12-18	11-19	11-14	481-1301	300	Strandvegi 50, 900 Vestmannaeyjar
	Sumar	11-18	11-19	11-16			
Vík í Mýrdal	17-18	16-18	lokað	487-5730	100	Austurvegi 18, 870 Vík	
Vopnafjörður	17-18	16-18	lokað	473-1403	100	Hafnarbyggð 4, 690 Vopnafjörður	
Þorlákshöfn	17-18	16-18	lokað	483-3585	100	Selvogsbraut 4, 815 Þorlákshöfn	
Þórshöfn	17-18	16-18	lokað	468-1106	100	Langanesvegi 2, 680 Þórshöfn	

Sumar: júní – ágúst / Vetur: sept. – maí

Sjá upplýsingar um netföng á www.vinbudin.is

EFNISYFIRLIT

Leiðari	2
Fréttir úr Vínbúðum	3
Reykt og grafin villibráð & styrkt vín	5
Súkkulaði og rauðvín	6
Toscana	7-9
Heitir drykkir	10-11
Pörun víns og matar	13-15
Súkkulaði	16-17
Árgangatafla ÁTVR	18
Vöruskrá	19

Vöruskrá

• Rauðvín	20
• Hvítvín	40
• Sætvín	52
• Rósavín	53
• Freyðivín	54
• Aðrir gerjaðir drykkir	57
• Kassavín	58
• Styrkt vín og kryddvín	60
• Bitter og líkjör	62
• Sterkt áfengi, Armanac, Cognac	66
• Brandí, viskí	67
• Romm	69
• Tekila, Vodka	70
• Gin, Sénever, akvavit, anís, snafs, kryddromm	71
• Annað áfengi undir 15%	72
• Bjór	74
• Bjórkútar	78
• Viðurkennd lífræn vottun	78
• Gjafavara	79
• Jólavín og jólabjór	80
• Óáfengt	80

Vörur í stafrófsröð 82

Matartákn 96

Vínblaðið, 4. tbl. 6. árg. desember 2008
Útgefandi: Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, ÁTVR
Ábyrgðarmaður: Ívar J. Arndal
Ritstjóri: Guðfinna Ásta Birgisdóttir
Ritstjórn: Gissur Kristinsson, Jóna Grétarsdóttir, Páll Sigurðsson
Hönnun, umbrot og prentun: Oddi ehf. / P08.07.419

ISSN-1670-7532

Öll verð og verðbreytingar birtast í vörulista á heimasíðu ÁTVR, www.vinbudin.is
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur. Áskilinn er réttur til leiðréttinga.



Leiðari

Nú gengur dimmasti tími ársins í garð en jafnframt sá tími sem margir gera betur við sig í mat og drykk. Þegar ég tala um að gera betur við sig, þarf það ekki endilega að vera dýrara eða meira, heldur vanda sig meira við að para saman mat og vín. Hér ætlum við að koma þér til aðstoðar, því það er ekki nóg að við bjóðum upp á pörun á mat og víni á villibráðarveislunni okkar í desember, heldur leiðir Páll vínfræðingur okkur í allan sannleika um „hvað passar með hverju“ í pörun matar og vína í þessu blaði. Páll horfir einnig á villibráðina frá óvenjulegu sjónarhorni og leiðir okkur í sannleikann um reykta og grafna villibráð og hvernig hún passar með styrktum vínum.

Þegar jól og áramót eru annars vegar má auðvitað ekki gleyma gleðigjafanum súkkulaðinu. Hvað eiga vín og súkkulaði eiginlega sameiginlegt? Við svörum því í þessu blaði og leiðum ykkur í allan sannleika um hvað súkkulaði á sameiginlegt með víni. Og ekki nóg með það, heldur fengum við Magnús vínfræðing til að fórna sér fyrir göfugan málstað þegar við fengum hann til að gera tilraun með að smakka rauðvín með súkkulaði. Undarlegt en satt, þá komu niðurstöður tilraunarinnar skemmtilega á óvart!

Með von um ánægjulega jólahátíð,

Einar Snorri Einarsson
framkvæmdastjóri sölu-
og þjónustusviðs

Við þiggjum ábendingar með þökkum!

ÁBENDINGAR

Við hvetjum þig til að hafa samband ef þú vilt koma ábendingu á framfæri.

- Sendu okkur tölvupóst á netfangið: vinbudin@vinbudin.is
- Hringdu í síma 560 7700
- Komdu við á næstu Vínbúð og talaðu við starfsmann
- Sendu okkur bréf á heimilisfangið: ÁTVR, Stuðlahálsi 2, 110 Reykjavík

SALA JANÚAR TIL OKTÓBER 2008

Sala á tímabilinu janúar til október jókst um 6,2% miðað við sama tímabil í fyrra. Sala bjórs jókst um 5,9% á tímabilinu og sala rauðvíns um 7,3%.

Sala hvítvíns og ókryddaðs brennivíns jókst um 17% og 8,8% á tímabilinu.

	Þús.ltr. 2008	Þús.ltr. 2007	Mism.
Áfengi alls seldir lítrar	16.896	15.906	6,2%
... þar af			
Lagerbjór	13.090	12.366	5,9%
Rauðvín	1.542	1.437	7,3%
Hvítvín	914	781	17,0%
Ókryddað brennivín og vodka	310	285	8,8%



VILLIBRÁÐARVEISLA

Í desember er villibráðarveisla í Vínbúðunum. Einn helsti villibráðar-sérfræðingur landsins, Úlfar Finnbjörnsson, galdraði fram uppskriftir sem kitla bragðlaukana duglega og ættu allir að finna eitthvað við sitt hæfi. Að venju eru vínin flokkuð í bæklingi eftir því með hvaða villibráðaruppskrift þau henta best. Einnig hefur einn vínráðgjafanna, Páll Sigurðsson, sett saman bækling um það hvernig velja má vín með villibráð og hátíðarmat.



VÍNRAÐGJAFAR Á FERÐINNI

Vínráðgjafar Vínbúðanna eru sérmenntaðir til að veita viðskiptavinum faglegar ráðleggingar hvað varðar samspil víns og matar. Gaman getur verið að fá tillögur og hugmyndir fyrir næstu veislu eða bara fá aðstoð við að kynnast hinu mikla vöruúrvali sem í boði er í Vínbúðunum.

Vínráðgjafarnir eru einkenndir með svörtum, merktum svuntum.

Nánari upplýsingar um staðsetningar og ferðir vínráðgjafa má finna á vinbudin.is.

VÍNBUÐIN



VILLIBRÁÐARVEISLA



Í desember er villibráðarveisla í Vínbúðunum. Fáðu girnilegar uppskriftir og kynntu þér ljúffeng vín með

REYKT OG GRAFIN VILLIBRÁÐ & STYRKT VÍN

Á rölti mínu niður Skólavörðustíginn um daginn kom ég við í Ostabúðinni, en þar er á boðstólum fjölbreytt úrval af allskyns sælkeravörum. Í búðinni er osta-, forrétta- og áleggsborð og má þar finna meðal annars reykt og grafna villibráð, paté og osta, nokkuð sem ég á erfitt með að neita mér um. Á meðan Jóhann eigandi búðarinnar tók til fyrir mig bland í poka fræddi hann mig um starfsemi búðarinnar, en þar er einnig boðið upp á veisluþjónustu sem ég veit að margir nýta sér, en það getur verið sniðugt og tímasparandi að fá forréttinn tilbúinn heim. Eins er tilvalið að eiga heitreykta villigæsabringu eða villibráðarpaté í kælinum til að geta boðið gestum upp á og þá sérstaklega á aðventunni.

OG ER ÞÁ EKKI TILVALIÐ AÐ BJÓÐA UPP Á EITTHVAÐ FLJÓTLEGT OG FYRIRHAFNARLÍTIÐ MEÐ, ÞAÐ GÆTI VERIÐ ÞUNNAR SNEIÐAR AF HEITREYKTRI VILLIGÆSABRINGU OG SMÁ VILLIBRÁÐARPATÉ.

Ég gat ekki stillt mig um að velja því fyrir mér hverskonar vín færri vel með þessu góðgæti, því ég er oft beðinn um að velja eitthvert gott vín með forréttabakka frá Jóa í Ostabúðinni. Yfirleitt vilja flestir rauðvín og auðvitað gengur það upp, ég hef einnig komist að því að hvítvín, ekki öll, en sum fara bara virkilega vel með svona mat.

Á meðan Jói var að taka til fyrir mig úr forréttaborðinu, kom það upp í huga mér að margir hafa haft þann sið að bjóða gestum, sem líta inn á aðventunni, upp á staup af þúrtvíni eða sérrí, svona öriltla hlýju og brjóstbirtu í skammdeginu. Og er þá ekki tilvalið að bjóða upp á eitthvað fljótlegt og fyrirhafnarlítið með, það gæti verið þunnar sneiðar af heitreyktri villigæsabringu og smá villibráðarpaté. Einnig væri hægt að hugsa sér platta með sitt líti af hverju tagi. Til dæmis villibráðarpaté, gæsalfarterriner, heitreykt villigæsabringa, grafið

ærfillet, villigæsakonfit, ostur, hnetur og súkkulaði. Með þessu er svo gott að hafa hindberjavinaigrette, eða ólífur og lime chutney. Að ostinum, hnetunum og súkkulaðinu undanskildu, þá er þetta það sem fór í pokann góða sem ég ætlaði svo að gera tilraunir með og finna út hvort styrkt vín gætu hentað með þessu hráefni.

Mér til aðstoðar fékk ég svo þrjá aðra belgjatroðara, sem eins og ég mega aldrei neitt gott sjá, án þess að bjóða fram aðstoð sína, tilbúnir að fórna sér fyrir góðan málstað. Já ég segi fórna því að svona starf reynir mikið á líkamann. Hvert vín þarf að smakka með öllum réttunum svo af því má sjá að mikið var smjattað. Í þessari tilraun var ostum, hnetum og súkkulaði reyndar sleppt.

Ég ákvað að prófa Madeira, Cream sérrí, Ruby port, Tawny port, styrkt rautt Rivesaltes, hvítt sætvín, Moscato freyðivín og þurrt freyðivín.

Það sem kom mér einna mest á óvart var hvað Madeira virkaði vel með þessu öllu, en Cream sérríið átti litla sem enga möguleika og má þar um kenna skorti á sýru, en hana er aftur á móti að finna í Madeira, vinaigrettið og chutneyið hjálpuðu svo til og bættu við bragðflórana. Næst á eftir fannst mér styrkta rauða Rivesaltes vínið gera sig vel með þessu en þessu víni svipar til portvíns en er aðeins léttara, það var sama sagan vinaigrettið og chutneyið höfðu aðeins bætandi áhrif á allt. Ég verð þó að koma því að hér að við höfðum einnig pesto, sem ætlað var með grafna ærfilletinu, eftir að hafa smakkað það með ærfilletinu og öllum vínunum, þá var það kosið óvínur númer eitt. Þó maður hafi bara „séstvallalítið“ af pestó með bita af ærfilletinu þá yfirgnæfir það allt og hreinlega trampar á víninu. Það voru allir sammála um að pestó er gott, en með þessu fór best á því að hafa það í lokaðri krukku.

Nú þúrtvínin, bæði Ruby og Tawny áttu vel við það sem á bakkanum var (án pestós), ég sjálfur kys Tawny. Báðar týpunar falla vel að villibráðinni og er erfitt að gera upp á milli, svo persónulegur

smekkur ræður því mestu um hvað er valið. Ég kom einnig með sætt vín gert úr Moscato þrúgunni og freyðivín úr sömu þrúgu og þar skaut ég yfir markið, því bæði vínin sem eru arómatísk, yfirgnæfðu villibráðina og það er ekki það sem maður vill, þegar villibráð á í hlut, en það er einmitt hún sem er Aðal.

Við reyndum einnig þurrt freyðivín og það er nokkuð sem vert er að athuga, en ég held þó að hálfþurrt eða hálf sætt freyðivín ætti betur við.

Eftir að hafa farið í gegnum þetta smakk, þá er ég sannfærður um að þó það sé gott og skemmtilegt að bjóða upp á lítið staup úr jólaflöskunni, þá er enn skemmtilegra að geta boðið upp á smá bita af paté eða heitreyktri gæsabringu með staupinu. Því það er alltaf gott að hafa eitthvað matarkyns með þegar vín er haft um hönd.

Ef þið svo hafið áhuga á að kynna ykkur betur hvaða vín henta með villibráð þá bendi ég á nýjan bækling í Vínbúðunum um vín með hátíðarmat og villibráð.

Páll Sigurðsson
vínráðgjafi



SÚKKULAÐI OG RAUÐVÍN



Ég verð að viðurkenna að þegar mér var falið að skrifa grein um þörun á súkkulaði og rauðvíni, leist mér alls ekkert á blikuna. Málið er að ég hef aldrei sjálfur upplifað þetta sem góða blöndu. Portvín, sætt sérri, eða jafnvel dökkur bjór, hafa hins vegar reynst mér vel. En með reglulegu millibili heyrir maður fólk tala um rauðvín með súkkulaði, svo ég sá mig knúinn til að rannsaka málið nánar.

Þar sem bæði súkkulaði og rauðvín birtast í ýmsum myndum, verður að taka alla bragðþætti inn í myndina, þ.e. beiskju og sætu súkkulaðisins, ásamt öllu aukahráefni sem gæti verið notað í súkkulaðið eins og rúsínur, hnetur, marsípan, krem o.fl. Vínin hafa einnig mismikla fyllingu og sætu, mismikla stemmu og misríkulegan ávöxt og kryddkeim.

Áður en byrjað var að smakka hafði maður gert sér ákveðnar hugmyndir um hvernig þetta færi allt saman, og gekk maður út frá því að sæta í víninu, sem er samt frekar óalgeng í rauðvíni, væri nauðsynleg til að mýkja beiskju súkkulaðisins, en einnig að rúsínur eða ávaxtakrem í súkkulaðinu gætu myndað nauðsynlega tengingu. Einnig gætu hnetur gefið einskonar jarðbindingu sem gæti tónað vel með ákveðnum þáttum vínsins. En þó að vangavelturnar geti skilað manni ákveðnum hugmyndum, var samt algjörlega nauðsynlegt að bretta upp erner og sannreyna, eða afsanna, hugmyndir mínar um þessa blöndu.

ÞVÍ FLEIRI SAMSETNINGAR SEM ÉG SMAKKAÐI, ÞVÍ SANNFÆRÐARI VARÐ ÉG UM AÐ SÚKKULAÐI ER Í RAUN VÍN-ÓVINUR

Ég byrjaði á að velja mér nokkur vín, sitt úr hvorri áttinni, hvert ólíkt því næsta, allt frá lauflettum og ávaxtaríku, upp í þungt og kryddað, með viðkomu í víninum með sætkenndan ávöxt, mikla stemmu, litla stemmu, kornung og mikið þroskuð. Einnig valdi ég mér margvíslegt súkkulaði, allt frá mjúku og sætu hvítu, upp eftir öllu litrófinu, yfir í dökkt og beiskt. Ég fékk mér einnig súkkulaði með hnetum og rúsínum, með

hnetukremi, með appelsínubragði, blandað konfekt, og dökka súkkulaðiköku.

Því fleiri samsetningar sem ég smakkaði, því sannfærðari varð ég um að súkkulaði er í raun vín-óvinur, og kom bersýnilega í ljós að hreinasta varan, þ.e. dökkt og beiskt súkkulaði hentar ekki vel með rauðvíni, eitt og sér, en strax um leið og maður skiptir yfir í sætara suðusúkkulaði, gekk þetta aðeins betur, mjólkursúkkulaði aftur örlítið betur, en um leið og sama súkkulaði inniheldur hnetur og rúsínur, fer að rofa til. Að sama skapi gekk konfekt ágætlega upp, þó ekki væri sama hvaða mola maður smakkar með hvaða víninu. Þar er krem, karamella, hnetur, og marsípan, sem hefur sterk áhrif á bragðið og getur bjargað þöruninni fyrir horn.

Margar samsetningarnar voru hreinlega ekkert nema vondar, þó að flest hafi nú verið þolanlegt, og sérstaklega ef súkkulaðið var ekki eina bragðið sem var að reyna að tengjast víninu, og gæti ég því trúað að það sé ekki súkkulaðið sem gerir það að verkum að súkkulaði húðað jarðarber gengur með víninu. Súkkulaðikakan gekk best með flestum víninum og léttustu og ávaxtaríkustu víninu gengu best með flestu súkkulaðinu, en þó ekki með súkkulaðikökunni.

Niðurstaðan sem ég komst að með þessari litlu rannsókn er að hreint súkkulaði hentar illa með þurru víninu, meðan ávextir og ávaxtakrem bjarga oft samsetningunni, og aukinn léttleiki og sæta í víninu eykur líkurnar á góðri þörun.

Ég ætla engan veginn að banna fólki að fá sér súkkulaði með rauðvíninu, enda er smekkur manna svo misjafn (sem betur fer!), en eitt er víst að ég mun halda mig við styrktu vínin, dessertvínin, eða mjúkan dökkan bjór með súkkulaðinu mínu!



Magnús B. Traustason
vínráðgjafi



TOSCANA

Toscana er annað af tveimur virtustu víngerðarsvæðum Ítalíu. Í héraðinu er að finna tvær af frægustu borgum Ítalíu, en það eru borgirnar Flórens og Pisa. Flórens er frægust fyrir að hýsa Uffizzi safnið þar sem helstu dýrgripir meistarans Leonardo da Vinci eru varðveittir. Pisa er hins vegar borgin þar sem hinn frægi skakki turn er staðsettur.



Á kortinu hér til hliðar er Toscana svæðið merkt með rauðum lit.

Frægustu víngerðarsvæði innan Toscana eru: Chianti, Montalcino, Montepulciano og Bolgheri.

Á þessum svæðum eru framleidd hágæða vín sem eru þekkt af sælkerum veraldar sem einhver bestu rauðvín heims. Það eru að sjálfsögðu einnig framleidd hvítvín í Toscana en í raun og veru er þetta „rauðvínssvæðið“! Hér er að finna allt frá einföldum ávaxtaríkum rauðvínnum upp í einhverja mestu rauðu bolta sem framleiddir eru í heiminum. Þar er frægast að nefna Chianti Classico Riserva, Brunello di Montalcino og Vino Nobile di Montepulciano.

Aðal þrúgan í Toscana er hin rauða Sangiovese. Þetta er þrúgutegund sem Ítalir einir framleiddu úr, þar til fyrir um áratug síðan, er önnur lönd, sérstaklega í Nýja – heiminum hófu tilraunir með ræktun á henni. Það er óumdeilanlegt að ennþá komast engir með tærnar þar sem Ítalir eru með hælana, í framleiðslu á vínnum úr þessari hágæða þrúgutegund.

Ekki má gleyma að minnast á frægustu seinni tíma framleiðslu héraðsins en það eru hin svokölluðu Super Toscana vín. Þetta eru mikil hágæða vín, þar sem hinu staðbundna Sangiovese beri er blandað saman við önnur franskra ættar, svo sem Cabernet Sauvignon, Merlot eða jafnvel Syrah. Þessi vín eru talin einhver bestu vín Ítalíu í dag. Það vín sem virkilega gerði þessi vín að eftirlæti sælkerar um allan heim var vín sem framleitt er af Antinori fyrirtækinu en það heitir Tignanello. Þegar Antinori kynnti Tignanello árið 1975 fyrir umheiminum þá voru viðbrögðin ótrúleg strax frá fyrsta árgangi.

Eins og áður sagði þá er aðal framleiðsla Toscana rauðvín, en þó eru framleidd þar ágætis hversdags hvítvín úr þrúgunni Trebbiano sem er kölluð vinnuhesturinn meðal hvíttra þrúgutegunda. Þetta er þrúgutegund sem gefur af sér mikla uppskeru, en hefur aldrei verið talin til þeirra þrúgutegunda er geta gefið af sér hágæða hvítvín. En Trebbiano þrúgan

gefur þó af sér einhver eftirtektarverðustu sætvín Ítalíu, svokölluð Vin Santo. Þetta eru desertvín sem eru eftirsótt út um allan heim.

CHIANTI

Chianti á sér aldagamla sögu og er eitt af fyrstu vottuðu víngerðarsvæðum Ítalíu. Það var fyrst árið 1716 sem víngerðarsvæðið Chianti var skilgreint. Í upphafi var þetta svæði bundið við næsta nágrenni þorpanna Radda, Gaiole og Castellina. Seinna meir bættist svo svæðið kringum þorpið Greve einnig við.

Ítalir eiga sér vínlöggjöf þar sem að ræktunarsvæði eru skilgreind og skipt upp í gæðaflokka. Þessi vínlöggjöf eða gæðaflokkun er skammstöfuð DOC, sem stendur fyrir Denominazione di Origine Controllata. Þessi löggjöf var fyrst innleidd á Ítalíu árið 1963, en þá var einnig útbúið einskona efsta stig gæðaflokkunar víngerðarsvæða á Ítalíu er voru flokkuð sem DOCG eða Denominazione di Origine Controllata e Garantita. Chianti er eitt víngerðarsvæða Ítalíu er flokkast sem DOCG. Hér er því um að ræða víngerðarsvæði er hlotið hefur æðstu viðurkenningu stjórnvalda í landinu.

Hjarta víngerðarsvæðisins Chianti kallast Chianti Classico en frá þeim hluta svæðisins koma vönduðustu og eftirsóttustu



vínin. Eingöngu vín frá þessu hjarta héraðsins má merkja með þessum orðum Chianti Classico. Öll önnur vín sem flokkast innan svæðisins Chianti DOCG má aðeins merkja sem Chianti. Toppurinn innan Chianti Classico er síðan Chianti Classico Riserva, en þá erum við að tala um vín sem eru mun kraftmeiri en venjulegt Chianti og eru það kraftmikil að þau þola þroskun á eikartunnum í nokkur ár áður en þeim er átappað á flöskur.

Það má því segja að til séu þrjár mismunandi gæðagráður af vínunum frá Chianti. Það léttasta og það sem mest er framleitt af kallast einfaldlega Chianti. Þar fyrir ofan koma þá vínin frá Classico svæðinu og þau er því merkt sem Chianti Classico. Að síðustu eru það svo öflugustu vín svæðisins sem merkt eru sem Chianti Classico Riserva.

Það sem helst hefur verið að gerast á síðustu árum hvað varðar gæðaframleiðslu í Chianti er að framleiðendur hafa í sífellt fleiri tilvikum verið að koma fram með fráber hágæða Chianti Classico Riserva vín.

Í gördunum hafa einnig átt sér stað miklar breytingar og felast þær helst í því að mikil vinna hefur verið lögð í það að finna bestu klónana af Sangiovese vínvíðnum til þess að endurnýja vínvíðinn í gömlum gördum.

BRUNELLO DI MONTALCINO

Allt fram til ca. 1970 var svæðið í kringum þorpið Montalcino lítt þekkt nema hjá íbúum Toscana héraðsins. Það að þetta svæði hafði einhver bestu ræktunarskilyrði fyrir þrúgunu Sangiovese var ekki þekkt. Í dag er það þó almenn vitneskja að á þessu svæði sunnan við Chianti eru framleidd einhver glæsilegustu rauðvín Ítalíu.

Frægðarsól héraðsins fór virkilega að skína skært þegar hinn öflugi framleiðandi Clemente Santi sýndi fram á að mjög gamlir árgangar af víni hans lifðu að því er virtist endalaust. Þessi frumherji kallaði vínin sín Brunello frá Montalcino.

Montalcino var síðan fyrsta svæðið til þess að hljóta sérstaka vínlöggjöf fyrir léttari útgáfu af vínunum hreppsins, en það vín fellur undir skilgreininguna Rosso di Montalcino. Þessi léttari útgáfa vinnanna hefur því oft verið nefnd mini Brunelloinn.

Gæði Montalcino vinnanna hafa haldist einstaklega mikil og það þrátt fyrir að skilgreint ræktunarsvæði þeirra hafi stækkað gríðarlega á síðustu áratugum. Árið 1960 taldi Montalcino rétt um 60 hektara af víngerðarsvæði. Í dag hefur þetta aukist upp í meira en 2000 hektara og það er engin smá aukning á tæpum 50 árum.

Það er ljóst að innan þessara 2000 hektara eru ræktunarskilyrðin misjafnlega góð. Það hefur þó ekki enn leitt til þess að svæðinu hafi verið skipt upp í mismunandi gæðaflokka. Það er talið vera of heitt pólitískt mál.

Það eina sem þykir álitamál varðandi framleiðsluna í Montalcino í dag er notkun nýrra smærri eikartunna. Áður notuðust framleiðendur við mun stærri tunnur og eikin hafði því minni áhrif á bragð vínsins. Það eru sumir sem segja í dag að þessi nýja litla eikartunna hafi of mikil áhrif á bragð vínsins og skyggi á náttúrulegt bragð Sangiovese þrúgunnar.

Eikin hefur hins vegar lítil áhrif á þau vín sem framleidd eru úr klassisku frönsku þrúgutegundunum, Cabernet Sauvignon, Merlot og fleirum. Vín úr þessum þrúgutegundum virðast frekar þola eða hagnast á snertingunni við nýjar eikartunnur. Sífellt fleiri vín eru framleidd úr þessum þrúgutegundum í Montalcino, en þau má ekki merkja sem Brunello eða Rosso di Montalcino. Fyrir þessi vín hefur verið sett ný vínlöggjöf og eru þessi vín því framleidd sem DOC Sant' Antimo. Þessi vín má framleiða hvar sem er í Montalcino hreppnum líkt og Brunello en þau fá ekki að nota þetta virta nafn.



VINO NOBILE DI MONTEPULCIANO

Líkt og Montalcino liggur Montepulciano sunnan við Chianti hreppinn. Montepulciano liggur lengra inni í landi heldur en Montalcino og þar eru því ólík ræktunarskilyrði þeim sem er að finna annarsstaðar í Toscana sýslunni.

Ólíkt Brunello eru vínin frá Montepulciano yfirleitt blanda tveggja eða fleiri þrúgutegunda. Samkvæmt vínreglugerðinni fyrir Vino Nobile di Montepulciano DOCG verður vínið að innihalda að minnsta kosti 70% af Sangiovese þrúgunni en að öðru leyti er ekki skilgreint hvað á eða má vera í blöndunni. Þar er yfirleitt um að ræða þrúgutegundir staðbundar á þessu svæði en einnig er nokkuð um að framleiðendur séu að nota hinar klassísku frönsku þrúgutegundir.

Líkt og með Brunello þá er einnig framleidd léttari útgáfa af Vino Nobile, en sú tegund kallast Rosso di Montepulciano. Þessi léttari tegund er vín af allt öðrum toga en hið eina sanna Vino Nobile, léttara, mýkra og mun aðgengilegra vín.

Vino Nobile er gjarnan aðgengilegra og mýkra heldur en Brunelloið. Þetta er vegna þess hve ræktunarskilyrðin eru ólík milli svæðanna. Á báðum svæðunum er mjög sólrikt og heitt yfir ræktunartímann en jarðvegstegundirnar eru ólíkar og auk þess

tryggja Appenínafjöllin meiri úrkomu í Montepulciano heldur en í Montalcino. Það eru þessir þættir sem skapa þennan mun.

Það er hér í Montepulciano sem Vin Santo framleiðslan nær hæstum hæðum. Þessi vín eru gerð með því að þurrka vínþrúgunnar í einhverjar vikur eða jafnvel mánuði áður en þær eru pressaðar. Það sem gerist er að vatnið úr berjunum gufar upp og eftir verður í hverju beri dísætur ávaxtaríkur safi. Þessi þurrkuðu ber eru síðan pressuð og dísætur safinn settur áfram á tunnur til þroskunar í enn lengri tíma. Framleiðsluferlið er tímafrekt og rýrnun í hráefninu er gríðarleg, en þessi sætvin eru engu lík, appelsínugul á lit, með ákveðinn reyktan keim, dísæt, ótrúlega bragðmikil og með langa endingu í munni. Aðal uppistaðan í þessum vínunum eru þrúgurnar Malvasia, Grechetto og Trebbiano.

BOLGHERI

Sá síðasti, sem ég ætla að fjalla um, af helstu hreppum Toscana sýslu er Bolgheri en það er ræktunarsvæði sem liggur alveg niður við Miðjarðarhafið í vesturátt frá borginni Siena. Upphaf hágæða víngerðar í Bolgheri er rakið til búgarðsins Sassicaia og eiganda hans Marchese Incisa Rocchetta sem árið 1940 plantaði út Cabernet Sauvignon græðlingum í grýttu landi um einn hektara að stærð í landi sínu. Þessi búgarður er algerlega einstakur í sögu

þessa svæðis og einnig í allri víngerðarsögu Ítalíu. Sassicaia er einmitt eini búgarðurinn á Ítalíu sem á sér sína eigin vínlöggjöf sem kallast Bolgheri Sassicaia DOC.

Samkvæmt vínreglugerð fyrir Bolgheri DOC verða öll rauðvín svæðisins að vera blanda af Cabernet Sauvignon, Merlot og Sangiovese. Ef vín eru framleidd úr t.d. eingöngu Sangiovese þá verður að selja þau undir annarri vínreglugerð sem kallast IGT.

Líkt og áður sagði þá er upphaf víngerðar í Bolgheri rakið til ákveðins aðila og aftur til ársins 1940. Þetta er ekki langur tími miðað við árhundruðin sem framleiðsla vína hefur staðið yfir í Chianti. Toscana hérað er gríðarlega vel fallið til ræktunar á vínvið og þar einkennist allt landslag af vINGÖRÐUM og ólífulundum sem standa hlið við hlið. Fjölbreytni vína héraðsins hefur aukist gríðarlega undanfarna ártugi og gæði eru sífellt að aukast.


Gissur Kristjánsson
vínráðgjafi



HEITIR DRYKKIR



Harpa Dröfn Blængsdóttir
vínráðgjafi



MAXIM'S KAFFI

1 tsk. sykur

4 cl koniak

2 cl D.O.M benedictine

1 tsk. Galliano

Allt sett í hitapolið glas og fyllt upp með sterku kaffi.

Hægt að toppa með þeyttum rjóma til að bragðbæta.



TOM AND JERRY

1 egg

2 tsk. sykur

¼ tsk. kanill

¼ tsk. negull

2 cl dökkromm

2 cl koniak

8 cl heitt vatn

Takið eggjð og skiljið rauðuna frá hvítunni. Stífþeytið hvítuna.

Setjið eggjarauðuna, sykurrinn og kryddin í skál og hrærið þar til blandan er orðin flauelskennd.

Setjið blönduna í hitapolið glas með romminu og koníakinu og hrærið vatnið úti. Toppað með eggjahvítunni.



HOT BUTTERED ROMM MEÐ MJÓLK

1 tsk. smjör

2 tsk. sykur

¼ tsk. múskat

¼ tsk. kanill

¼ tsk. negull

3 cl romm

9 cl flóuð mjólk

Smjör sykur og krydd brætt saman og hrært vel í.

Setjið blönduna í hitapolið glas eða bolla, bætið romminu, smá salti og mjólkinni úti og hrærið vel saman.

Einnig er hægt að nota heitt vatn í staðinn fyrir mjólkina.



Afgreiðslutímar í Vínbúðunum

Á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri, Selfossi og í Keflavík verða afgreiðslutímar Vínbúðanna kringum jól og áramót eins og hér segir:

Laugardagur 20. des.	Opið til kl. 18.00*
Mánudagur 22. des.	Opið til kl. 20.00
Þriðjudagur 23. des.	Opið til kl. 22.00
Miðvikudagur 24. des.	Opið til kl. 13.00
Mánudagur 29. des.	Opið til kl. 18.00**
Þriðjudagur 30. des.	Opið til kl. 20.00
Miðvikudagur 31. des.	Opið til kl. 13.00

*Á Akureyri, Selfossi og í Keflavík er opið til kl. 16.00.

** Opið til kl. 20.00 á Dalvegi, í Skútuvogi og Skeifunni.

PÖRUN VÍNS OG MATAR

Hér ætla ég að útskýra fyrir ykkur af hverju síra í mat þarf að mæta síru í víni og eins af hverju við þurfum að hafa vín með sætu á móti sætum mat. Ástæðan er sú að við þurfum að skapa ákveðið jafnvægi og jafnvægi er undirstaða alls í þörun víns og matar. Margar fæðutegundir, t.d grænmeti, ávextir, ber, sinnep og ýmsar dressingar innihalda síru sem við áttum okkur ekki alltaf á og hugsum ekki um. Orðið síra hefur oft neikvæða merkingu en þrátt fyrir að vera oft neikvæð í hugum margra er hún mikilvæg í mat og víni. Hinsvegar er misjafnt hversu mikið þol fólk hefur fyrir síru bragði.





Vissulega er það svo að súrt bragð getur oft varað við því að eitthvað sé skemmt í matnum, en síran hefur samt þrátt fyrir allt mikið notagildi þar sem hún hefur mikil áhrif á annað bragð, skerpir t.d. á því. Vín inniheldur tiltölulega mikla síru sem gefur víninu ferskleika og er algjörlega ómissandi til að vínið sé gott og í góðu jafnvægi. Margir telja að óreyndu að ef maturinn innihaldi síru þurfi að koma til móts við hana með sætu víni, en þessu er akkúrat öfugt farið. Yfirleitt þar sem einhver síra er til staðar í mat þarf að mæta henni með ferskri síru í víninu því síran í matnum hylur síruna í víninu og myndar jafnvægi, þannig að vínið virkar ekki eins súrt og áður en þú prófaðir það með mat og ávöxturinn í víninu kemur betur fram. Ef hins vegar þið prófið vín með nokkra ávaxtasætu með samskonar rétti gerist það sama að síran í matnum dempar síruna í víninu og það virkar flatneskjulegt og sætan verður of mikil.

Eins og með síruna gegnir sætan mikilvægu hlutverki í jafnvægi matar og drykkja. Við gerum okkur ekki alltaf grein fyrir sætindum í mat en sætu má þó finna í ýmsu hráefni eins og papríku, lauk, gullrótum og ávöxtum og svo eru ýmsar sósur og kryddlegir sem innihalda oft sætu. Við erum svo von því að sykur sé í ýmsum mat að við gerum okkur ekki grein fyrir sætunni þótt hún sé til staðar.

Til þess að skapa jafnvægi milli sætu og víns þarf að huga að því að vínið innihaldi álíka mikla sætu og maturinn. Sætan í matnum kemur til með að jafna út sætuna í víninu þannig að vínið virkar örllítið þurrara með matnum en þegar það var drukkið án matar.

Nú ætla ég að sýna ykkur hvað þið getið gert til að átta ykkur betur á þessu. Skemmtilegast er að gera þessar „æfingar“ í góðum félagsskap. Það sem þarf til eru tvær gerðir af hvítvíni, önnur týpan sem inniheldur töluvert góða síru og má það vera annað hvort þurrt sýruríkt Riesling eða þurrt sýruríkt Sauvignon Blanc, og hin týpan er þá ávaxtaríkt Chardonnay frá

Nýja heiminum eða Pinos Gris frá Alsace. Bæði vínin þurfa að hafa ríkan sætkenndan ávöxt. Þá er gott að hafa eina sítrónu og sæta hunangsmelónu við höndina. Einnig er nauðsynlegt að hafa sælgæti eins og Pez eða Jelly beans, rúsínur duga líka í harðindum. Við höfum hér sælgæti til að gera þetta örllítið skemmtilegra og úr verður léttur samkvæmisleikur. Ástæða þess að ég hef þetta með er að mig langar að útskýra hvernig við finnum bragð. Það bragð sem við finnum í munninum er sætt, súrt, salt og beiskt, allt annað kemur með þefskyninu. Dragið djúpt inn andann og leggjíð eina Pez töflu á tunguna, haldið fyrir nef og lokið munn í meðan sælgætið er tuggið. Reynið nú að átta ykkur á hvaða bragð þið eruð að finna. Það sem þið finnið er einfaldlega eitthvað sætt eða súrt. Þar sem ég vil ekki hafa líf ykkar á samviskunni skuluð þið stuttu áður en þið kafnið draga inn andann og þá kemur hið rétta bragð þess sem þið voruð að borða í ljós. Að þessu loknu skulum við síðan snúa okkur að hinum æfingunum. Hvítvínið þarf að vera kælt og best er ef hægt er að hafa tvö glös á mann. Hvert tilraunadýr þarf að fá disk með einni sneið af sítrónu og u.þ.b. tveimur munnbitum af melónu (gott er að skera melónuna í litla bita). Hvítvíninu er hellt í glösin og gott er að setja súrara vínið (Riesling eða Sauvignon Blanc) í vinstra glasið og sætara vínið (Chardonnay eða Pinot Gris) í það hægra. Nauðsynlegt er að hafa glas af vatni við höndina til að skola á milli sopa. Fyrsta skrefið í þessari æfingu er að kynast vínunum einum og sér og þá gott að byrja á því að þefa upp úr fyrra glasinu og kynast ilminum og því næst smakka á því. Við finnum að vínið er þurrt og hefur ferska síru og sumum þykir það eflaust nokkuð súrt. Nú skulum við leggja sítrónusneiðina, sem hér gæti leikið hlutverk kjúklingasalats í sítrónu- og oliudressingu, á tunguna og hylja góminn með sítrónubragðinu og fá okkur síðan sopa af sama víninu. Þið finnið að áðan var vínið súrt en nú gerir síran í sítrónunni það að verkum að síran í víninu minnkar og vínið virkar ávaxtaríkara. Þetta sama gerist þegar við erum með mat sem inniheldur einhverja síru. Nú skulum við skola munninn vel með vatninu til að hreinsa bragðlaukana og því næst



lykta af sæta víninu og bragða á því til að átta okkur á hvernig það bragðast eitt og sér. Nú skulum við smakka sítrónuna aftur eins og áðan, en nú með sæta víninu. Þið finnið að sítrónan dregur úr sýrunni í víninu þannig að það virkar flatt og enn sætara. Næst skulum við bragða á sætu melónunni, sem hér gæti verið í hlutverki grillaðs kjúklings í sætum kryddlegi. Nú skulum við fá okkur aftur sopa af sæta víninu og finnum að sætan í matnum kemur til með að jafna út sætuna í víninu þannig að vínið virkar minna sætt en eitt og sér og gott jafnvægi myndast. Nú skulum við aftur munninn með vatninu. Endurtakið æfinguna með sýruríkara víninu og sætri melónunni og þá finnið þið að vínið verður súrara og ávöxturinn í víninu hverfur og ójafnvægi myndast.

Æfingin er aðeins hugsuð til að sýna fram á hvernig samspilið virkar, en það er ekkert eitt rétt í þessum málum og persónulegur smekkur hvers og eins ræður alltaf, en með þessu móti er hægt að átta sig á hvernig vínið bregst við mat og velja vínið út frá því. Í þessari tilraun notuðumst við við hvítvín en sömu lögmál eiga við um rauðvín og hægt er að prófa sig áfram með þau líka.

Eflaust er eitthvað af víni eftir í glösunum og gæti því verið gaman að prófa meðfylgjandi uppskrift að risarækjum í tómatpastasósu sem að mínu mati fer vel með sýruríkari vínunum, sérstaklega vínunum úr Sauvignon Blanc, en henta síður með ávaxtaríkum sætkenndum vínunum. Sauvignon Blanc skartar ferskri sýru og einkennist oft af grösugum og laufkenndum tónum eins og sólberjalaufi, tómatplöntu og aspás. Vín úr þessari þrúgu henta vel með léttari réttum og þá sérstaklega innihaldi þeir sýruríkt hráefni eða meðlæti eins og tilfellið er í þessum rétti. Hér hreinlega smellur allt saman, fersk sýran í víninu í góðu jafnvægi við sýruna í matnum, grösugir sólberjalaufs- og tómatplöntutónarnir skella sér í skemmtilega sveiflu með matnum um leið og gælt er við bragðlaukana með frískum sítrústónum. Eitt af einkennum vína úr Riesling þrúgunni er sýra og með þessum rétti nær hún góðu samspili með sýrunni í tómatnum. Vínið heldur sér vel og tapar engum bragðeinkennum, það er akkúrat það sem maður vill. Það sem hefur megínáhrif í þessum rétti er sósan, rækjurnar sjálfar hafa ekki svo mikil áhrif. Chardonnay er ekki besti kosturinn með þessum rétti fyrir minn smekk, en það eru margir sem ekki vilja Riesling eða Sauvignon Blanc og þá er þetta valkostur. Fyrir Chardonnay aðdáendur þá getur það alveg gengið með svona rétti, en ég mæli með óeikuðu Chardonnay, því eikin kemur fram með frekar beiska tóna þegar hún mætir tómat-sósunni.



RISARÆKJUR MEÐ TÓMAT PASTASÓSU OG FERSKU TAGLIATELLE

Fyrir 4

Olía til steikingar

1 tsk smjör

1 msk brauðrasp

400 g hráar risarækjur

2 litlir laukar, smátt saxaðir

2 hvítlauksrif, kramin

2 dósir niðursoðnir hakkaðir tómatar

8-12 basillauf

Salt, sykur og pipar eftir smekk

Sjóðið pastað eftir leiðbeiningum á pakka. Hitið olíu á pönnu og svitið lauk og hvítlauk án þess að þeir brúnist. Hellið tómatötunum saman við og eldið í 4-5 mínútur. Smakkið til með salti, pipar og sykri, en farið þó sparlega með sykurinn. Rifið basillaufin niður og bætið saman við. Hitið olíu á annari pönnu og bætið smjörinu við. Steikið hvítlauk án þess að hann brúnist og blandið rækjunum saman við. Steikið rækjurnar í örlytla stund en stráið síðan brauðraspinu yfir þær og steikið þar til þær eru tilbúnar. Setjið pastað á disk, dreifið sósu yfir og leggið rækjurnar á toppinn.

Verði ykkur að góðu!

Páll Sigurðsson
vínráðgjafi





Þessi konfektur er handgjórt og er með...
Hafliði Págnarsson
Handgjórt KONFEKT

- Ósýnilegt**
Ósýnilegt konfekt með...
Handgjórt KONFEKT
- Prúsi**
Prúsi konfektur með...
Handgjórt KONFEKT
- Tilvísun**
Tilvísun konfektur með...
Handgjórt KONFEKT
- Handgjórt Konfekt**
Handgjórt konfektur með...
Handgjórt KONFEKT
- Ósýnilegt**
Ósýnilegt konfektur með...
Handgjórt KONFEKT

Hafliði Págnarsson
HANDGJÓRT
CHOCOLATIER
Handgjórt KONFEKT

SÚKKULAÐI



GRAND CRU SÚKKULAÐITRUFFLA

200 g rjómi

200 g Maracaibo mjólkursúkkulaði 49%

Hitið rjómann upp í ca. 30°C og bræðið súkkulaðið sömuleiðis rólega í örbylgju upp í 30°C. Blandið saman og leyfið að standa í smá stund þar til hægt er að sprauta blöndunni í sprautupoka í hæfilega dropa á bökunarpappír. Leyfið að stífna úti yfir nótt eða í ísskáp þar til hægt er að losa þær af pappírnum.

Notið dökkt 60-70% súkkulaði til að hjúpa trufflurnar og veltið upp úr góðu 100% kakó. Leyfið að stífna í kakóinu, takið þær síðan upp úr og setjið í sigti til að fá auka kakóið frá.

Segja má að það sé svipað í súkkulaðiheiminum og vínheiminum að súkkulaði er flokkað eftir gæðum og uppruna.

Súkkulaði er unnið úr kakóbaunum úr kakóávestinum sem vex á samnefndu tré. Líkt og vínþrúgur er kakóávéxturinn viðkvæmur. Uppspera er því misjöfn og dregur karakter sinn úr jarðvegi og af veðurfari ræktunarsvæðisins. Alvöru súkkulaði inniheldur eingöngu eina tegund af feiti – kakósmjör (cacao butter) sem unnið er úr kakóbaunum. Sé annarri fitutegund bætt við má ekki kalla vöruna súkkulaði. Það flokkast nánast sem guðlast meðal súkkulaðiunnenda. Þess má geta að þegar kakóávéxturinn var uppgötvaður meðal Maya-índíána í Mið-Ameríku brugguðu þeir kakódrykk sem þeir færðu guðunum og var kakó kallað „Fæða guðanna“.

Alvöru súkkulaði er ekki til þess að borða í of miklu magni því þar verða skynfærin fyrir mikilli upplifun, það er að segja mikið bragð og karakterar sem þarf að skilgreina, sem á einng við um eðalvín.

Hlutverk mitt sem súkkulaðimeistara (chocolatier) er að vinna með súkkulaði og breyta því í ljúffengar kökur, fallega eftirrétti eða elegant konfektmola. Í starfi mínu nota ég hágæðasúkkulaði úr séruppskerum, ýmsar sérvaldar kryddtegundir og framandi ávexti, eðalvín, kaffi og jafnvel te. Með virðingu og skilningi á hráefnunum að leiðarljósi er markmið mitt að búa til spennandi og framandi vörur fyrir kröfuharða neytendur.


Þegar við smökkum saman t.d. vín og súkkulaði þarf fyrst að skilgreina karakterinn í hvoru um sig og reyna að finna tegundir sem draga fram það besta í öðru hvoru eða hvorutveggja. Með uppskriftinni sem hér fylgir myndi ég mæla með kampavíni sem er klassísk eða sætvíni.

Hafliði Ragnarsson
súkkulaðimeistari



Árgangatafla ÁTVR

Evrópa

	2006	2005	2004	2003	2002	2001	2000	1999	1998	1997	1996	1995	1994
 Frakkland													
Bordeaux-Medoc	3-4	5	3-4	5	4	2-3	5	4	3-4	2-4	3-5	3-5	2-4
St-Emilion/Pomerol	4	4-5	4	4	2-3	3	4	4	3-5	2-3	3-4	4-5	3-4
Sauternes	4-5	4	3-4	4	3-4	4-5	4	5	3-4	3-4	5	4	2
Bourgogne-Cote d'Or	3-4	4-5	3-4	4-5	4	3	3-4	4-5	3-4	4	4-5	4-5	2-3
Cote de Beaune hvítt	4-5	4-5	2-3	4-5	4	4	4-5	3-4	4	4-5	5	4-5	3-4
Chablis	4	4-5	3-4	4-5	5	3	3-4	3-4	2-3	4	5	4-5	2
Alsace	3-4	4	4	4-5	3	3-4	5	2-3	3-4	5	4	4	2-4
Rhone-Norður	4-5	4	4	3	2	5	4	5	4	3-4	3-4	4-5	3
Chateauneuf du Pape	4	4-5	4	3	1	4	2-3	4	5	3	2-3	4	3
Languedoc-Roussillon	3-4	4	4	3	2	4-5	3	2	4-5	2-3	1	4	

Ítalía

Piemonte	4-5	2-3	4	4	1	3-4	4	3-4	4-5	4	5	2-3	1
Toscana	4-5	3-4	5	4	1-2	3-5	3-4	5	2-4	5	2	3-4	2-3

Þýskaland

Mosel	5	4-5	4	4-5	4	5	2-3	3-5	3-4	4-5	2-4	5	4
Rín	4-5	4-5	4	4-5	3	4	1-3	2-4	4-5	3-4	5	2-3	3

Spánn

Rioja	4-5	4	3-4	3-4	1-3	4-5	3	2	4	1-2	4	5	5
Ribera del Duero	4-5	4-5	4-5	4	2	5	3-5	4	3	1	5	5	4
Katalónía	3-4	4-5	4-5	4-5	3	4	4	4	4-5	3-4	4	4	4

Portúgal

	3-4	4	4	5	1-2	3-4	4	1-2	2-4	4	2-3		
--	-----	---	---	---	-----	-----	---	-----	-----	---	-----	--	--

Ameríka

 Kalifornía – rautt	4-5	3-4	3-4	4-5	4	5	2-4	3-5	2-3	4-5	3-4	4-5	5
Kalifornía – Chardonnay	4-5	3-4	3-4	4-5	4	3	3	4	2-3	5	5	5	4-5

 Chile	4-5	4	3	5	3	5	1-3	4-5	1-3	4-5	3-4	4-5	
--	-----	---	---	---	---	---	-----	-----	-----	-----	-----	-----	--

 Argentína	4-5	4	5	4	5	3-4	2-3	2-4	1-3	2-3	3	5	
--	-----	---	---	---	---	-----	-----	-----	-----	-----	---	---	--

 Suður-Afrika	4-5	3-4	4	4-5	3	4-5	2-4	2-4	3-4	4-5	1-2	3-4	
---	-----	-----	---	-----	---	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	--

Ástralía

New South Wales	4-5	4	3-4	4	2-4	1-3	2-3	2-4	3-5	4-5	4	1-3	3-4
Victoria	4-5	4-5	4	4	4-5	3	1-4	1-5	5	4-5	2-4	2-3	3-5
South-Australia	4-5	4-5	4-5	5	4-5	3-4	2-3	1-3	5	2-4	4-5	2-4	4
West-Australia	3-4	4	4-5	4	3	3-4	2-5	3-5	2-4	3-4	3-4	3-5	4-5

 Nýja-Sjáland	4-5	4-5	4	5	3-4	2	3-4	2-4	2-4	1-3	2-4	3-5	
---	-----	-----	---	---	-----	---	-----	-----	-----	-----	-----	-----	--



Vöruskrá

gildir í desember 2008

RAUÐVÍN

Tegundir sem eru merktar **R** á undan vörunúmeri, eru í reyngslusölu og fást aðeins í Vinbúðinni Heiðrúnu og Kringlunni. Vörur sem merktar eru **Ú** á undan vörunúmeri, eru Úrválsvín og fást víða í Vinbúðum. Verð eru leiðbeinandi. Birt með fyrirvara um prentvillur.



Argentína

Argentína er eitt mesta vínframleiðsluland heims. Útflutningur hefur verið að aukast undanfarin ár og er mestur í vínun gerðum úr rauðu þrúgunum malbec og cabernet sauvignon.

Cabernet Sauvignon

Argentínumenn rækta gríðarlegt magn af þessari þrúgutegund. Garðarnir eru gjarnan í mikilli hæð yfir sjávarmáli sem tryggir ferskara sýrustig vínanna. Þetta eru gjarnan evrópskari vín en mörg önnur vín Nýja-Heimsins.

05093	Alamos Cabernet Sauvignon	750 ml	13,5 %	1.497 kr.
	2006 Dökkirsuberjarautt. Meðalfylling, þurrt, ferskt, þroskuð tannín. Sólber, vanilla, eik og krydd.			
R 12431	Antis Cabernet Sauvignon	750 ml	13,6 %	1.467 kr.
	2004 Múrsteinsrautt. Létt meðalfylling, þurrt, ferskt, miðlungs tannín. Þroskuð rauð ber, jörð, lyng, reyktir tónar.			
R 05088	Catena Cabernet Sauvignon	750 ml	14 %	2.314 kr.
	2003 Kirsuberjarautt. Mjúk meðalfylling, þurrt, ferskt, þroskuð tannín. Sólbakaður berjablámi, eik, jörð, vanilla.			
R 12181	Finca el Origen Cabernet Sauvignon	750 ml	14 %	1.790 kr.
	2006 Dökk Rúbínrautt. Þétt meðalfylling, þurrt, sýruríkt, mikil tannín. Dökk ber, tóbak, vanilla. Ungt.			
10930	Funky Llama Cabernet Sauvignon	187 ml	13 %	359 kr.
	2005 Kirsuberjarautt. Létt meðalfylling, þurrt og ferskt með lítil tannín. Lyng, skógarber.			
10726	Funky Llama Cabernet Sauvignon	750 ml	13 %	1.099 kr.
	2005 Kirsuberjarautt. Meðalfylling, þurrt og milt. Þroskuð tannín og sætkenndur ávöxtur.			
R 12278	Las Moras Cabernet Sauvignon	750 ml	13 %	1.390 kr.
	2007 Dökk Rúbínrautt. Meðalfylling, höfugt, þurrt, sýrumikið, lítil tannín. Ungt, dökk ber, hýði.			
R 09066	Luigi Bosca Cabernet Sauvignon Reserva	750 ml	14 %	2.296 kr.
	2004 Kirsuberjarautt. Þétt meðalfylling, þurrt, ferskt, þroskuð tannín. Rauður berjamassi, ristud eik, jörð, barkarkrydd.			
09461	Norton Cabernet Sauvignon Reserve	750 ml	14 %	1.550 kr.
	2003 Dökkirsuberjarautt. Meðalfylling, þurrt, ferskt, þroskuð tannín. Sætur dökkur ávöxtur, sólber, krydd, lyng, eik.			
10731	Tango Sur Cabernet Sauvignon	750 ml	13 %	999 kr.
	2005 Kirsuberjarautt. Meðalfylling, þurrt og ferskt. Þroskuð tannín, súr og rauður berjakeimur.			
R 13121	Terrazas Reserva Cabernet Sauvignon	750 ml	14 %	2.399 kr.
	2005 Dökkirsuberjarautt. Þétt meðalfylling, þurrt, ferskt, þurrkandi tannín. Sólber, plóma, jörð, lyng, eik, vanilla.			
10677	Trivento Cabernet Sauvignon Reserve	750 ml	13,5 %	1.398 kr.
	2005 Rúbínrautt. Létt meðalfylling, þurrt, ferskt með þroskuð tannín. Eik, dökk og rauð ber. Löng ending.			

Malbec




Sérstaða argentínskra vínframleiðenda, í harðri samkeppni á heimsmarkaði, hefur verið fölginn í vínun úr þessari þrúgutegund. Vínin eru yfirleitt kjarnmikil og góð matarvín.

S 10952	Achaval Ferrer Finca Altamira	750 ml	13,5 %	7.763 kr.
	2006 Dimmfjólublátt. Meðalfylling, þurrt og sýruríkt með þroskuð tannín, finlegan og kröftugan ávaxta og eikarkeim. Þarf tíma			
S 12958	Achaval Ferrer Finca Mirador	750 ml	14 %	8.765 kr.
	2006 Dimmfjólublátt. Þétt meðalfylling, þurrt, sýruríkt, þroskuð tannín. Berjahrat, rauður ávöxtur, járn. Langt, ungt.			
R 11237	Achaval Ferrer Malbec	750 ml	13,5 %	2.839 kr.
	2006 Dökkfjólurautt. Mjúk meðalfylling, þurrt, ferskt, þroskuð tannín. Ungur blár ávöxtur, lyng, gras, appelsína.			
05095	Alamos Malbec	750 ml	13,5 %	1.497 kr.
	2006 Dökk Rúbínrautt. Meðalfylling, þurrt, ferskt, þroskuð tannín. Þéttur rauður ávöxtur, lyng.			
05087	Catena Malbec	750 ml	14 %	2.197 kr.
	2004 Rúbínrautt. Meðalfylling, þurrt og ferskt með þroskuð tannín, þéttan berjabláma, krydd og jarðartóna.			
R 12182	Finca el Origen Malbec	750 ml	14 %	1.790 kr.
	2006 Dökkfjólurautt. Létt meðalfylling, þurrt, ferskt, þurrkandi tannín. Berjaríkt.			
R 12184	Finca el Origen Malbec Reserva	750 ml	14,5 %	2.290 kr.
	2006 Rúbínrautt. Meðalfylling, þurrt, ferskt, þroskuð tannín. Skógarber, krydd, jörð, eik, vanilla.			
R 09069	Finca La Linda Malbec	750 ml	14 %	1.482 kr.
	2002 Dökkirsuberjarautt. Meðalfylling, þurrt, ferskt, þroskuð tannín. Dökk skógarber, eik, vanilla.			
10727	Funky Llama Malbec	750 ml	13 %	999 kr.
	2005 Rúbínrautt. Létt meðalfylling, þurrt og milt, þroskuð tannín með hratkennandan rauðan berjaávöxt.			
R 12280	Intis Malbec	750 ml	13 %	1.290 kr.
	2007 Ljós Rúbínrautt. Létt fylling, þurrt, ferskt, lítil tannín. Hýði, rauð ber.			
09486	Norton Malbec	750 ml	13,5 %	1.150 kr.
	2005 Kirsuberjarautt. Meðalfylling, þurrt, ferskt, þroskuð tannín. Dökkir skógarberjatónar.			
09497	Norton Malbec Reserve	750 ml	14 %	1.550 kr.
	2003 Dökk Rúbínrautt. Þétt fylling, þurrt og milt þroskuð tannín. Sætkryddaður berjarauði.			
R 12554	Santa Rosa Malbec	750 ml	13,5 %	1.822 kr.
	2007 Fjólurautt. Létt meðalfylling, sætuvottur, mild sýra, lítil tannín. Rauð ber, kirsuberjatón.			
10733	Tango Sur Malbec	750 ml	13 %	999 kr.
	2004 Kirsuberjarautt. Létt meðalfylling, þurrt, ferskt, þurrkandi tannín. Dökk ber, lyng og jörð.			
R 12561	Trivento Amado Sur Malbec	750 ml	14 %	1.899 kr.
	2006 Rúbínrautt. Létt meðalfylling, þurrt, ferskt, þroskuð tannín. Dökk ber, krydd, jörð.			
R 11159	Trivento Dulce Natural Malbec	750 ml	10,5 %	999 kr.
	Ljós Rúbínrautt. Létt fylling, sætt, ferskt, lítil tannín. Sætur rauður ávöxtur, jarðarber.			

Verð eru einungis til viðmiðunar.





Merlot

Pessi franska þrúguteund er orðin nokkuð algeng í Argentínu. Merlot þrúgan skilar yfirleitt af sér eilítið léttari og ávaxtarikari vínunum en t.d. Cabernet Sauvignon.

	10477	Black River Merlot	750 ml	13,5 %	1.490 kr.
		2005 LIFRÆNT Rúbínrautt. Létt fylling, þurr og ferskt með þurrkandi tannín, jarðkennda papriku og berjatóna.			
S	09074	Luigi Bosca Pinot Noir Reserva	750 ml	14 %	2.296 kr.
		2006 Ljósirsüberjarautt. Meðalfylling, þurr, fersk sýra, lítil tannín. Eik, rauð ber, blómlegt. Höfugt.			
R	12562	Trivento Tribu Pinot Noir	750 ml	13,5 %	1.199 kr.
		2007 Rúbínrautt. Létt meðalfylling, þurr, ferskt, þroskuð tannín. Jarðarber, rauð ber, fjóður, krydd.			

Syrah

Hér er á ferðinni þrúguteund sem upprunalega kemur frá Rónardal í austurhluta Frakklands. Einkenni þessarar þrúguteundar er oftast góð blanda af sætum ávexti og kryddum eins og t.d. pipar.

	10725	Funky Llama Shiraz	750 ml	13 %	1.099 kr.
		2005 Rúbínrautt. Meðalfylling, þurr og ferskt, þroskuð tannín með sætkenndan berjabláma.			
S	03530	Luigi Bosca Syrah Reserva	750 ml	14 %	2.296 kr.
		2004 Dökkirsüberjarautt. Þétt fylling, þurr, fersk sýra, þroskuð tannín, höfugt. Bláber, kirsüber, lakkrís, sveskja.			
	10732	Tango Sur Shiraz	750 ml	13 %	999 kr.
		2005 Kirsüberjarautt. Meðal fylling, þurr og ferskt. Þroskuð tannín, sælgætiskennur berjablámai og kryddtónar.			
	07036	Trivento Syrah	750 ml	13,5 %	1.099 kr.
		2004 Dökkubínrautt. Þétt meðalfylling, þurr og ferskt með lítil þroskuð tannín, sætan ávaxtaríkan berjabláma og jurta-krydd.			

Aðrar þrúgur og blöndur

S	10708	Achaval Ferrer Quimera	750 ml	14 %	4.578 kr.
		2006 Dökkfjólurautt. Þétt fylling, þurr, sýruríkt, þroskuð tannín. Rauður ávöxtur, jörð, tóbak, vanilla.			
	10777	Amalaya de Colome	750 ml	14,5 %	1.390 kr.
		2005 Dimmrubínrautt. Mikil fylling, sætuvatgur, ferskt, mikil tannín. Plóma, hindber, jurta-krydd, kröftugt bragð.			
R	12575	Criollo Cabernet - Shiraz	750 ml	13 %	1.099 kr.
		2007 Rúbínrautt. Meðalfylling, þurr, ferskt, þroskuð tannín. Berjablámi, vanilla, eik, lyng.			
R	09072	Finca La Linda Tempranillo	750 ml	13,5 %	1.482 kr.
		2006 Rúbínrautt. Meðalfylling, þurr, ferskt, mjúk tannín. Skóg-arber, plómur, vanilla.			
R	12594	Las Moras Reserve Cabernet Sauvignon Shiraz	750 ml	13,5 %	1.590 kr.
		2006 Rúbínrautt. Meðalfylling, þurr, ferskt, þroskuð tannín. Skógarberjarblámi, eik, vanilla, lyng.			
R	12483	Luigi Bosca Gala 2	750 ml	15 %	3.852 kr.
		2004 Dökkirsüberjarautt. Þétt meðalfylling, þurr, ferskt, höfugt, þroskuð tannín. Þéttur berjarauði, eik, vanilla, lyng.			
R	11278	Masi Tupungato Corbec	750 ml	14,5 %	3.459 kr.
		2006 Dökkirsüberjarautt, þurr, ferskt, höfugt, mikil þroskuð tannín. Þéttur dökkur berjamassi, tóbak, jörð, lyng og eik.			
R	12555	Santa Rosa Tempranillo-Bonarda	750 ml	13 %	1.600 kr.
